

Minnispunktur frá svæðisráðstefnu LVK í Noregi

Formanni TH og varaformanni SO EyI var boðið að sitja svæðisráðstefnu Landssamband vatnsorkusveitarfélaga í Ringebu í Noregi. 8. og 9. mars sl. Farið var út þann 7. mars og lent skömmu fyrir hádegi á Gardemoen. TH og EyI sátu þá síðdegis fund með framkvæmdastjóra LVK, Sten Erik Stinesen, lögfræðingi hjá lögmannstofnunni Lund og Co ásamt Trygve Westgaard frá Askim sem situr í framkvæmdaráði LVK. Trygve var sá sem hélt utan um heimsókn okkar til LVK.

Lund og Co er lögmannstofa í Oslo sem sér um allt skrifstofuhald og rekstur fyrir LVK ásamt því að vera samtökunum til ráðgjafar. Ekki er um aðra starfsmenn samtakanna að ræða. Lögmannstofan kemur fram sem umsagnaraðili gagnvart stjórnvöldum í Noregi og stendur vörð um hagsmuni LVK út á við og inn á við. Hún undirbýr fundi samtakanna, hvort heldur er á landsvísu eða héraðsvísu og eru með fræðsluráðstefnur um málefni LVK slíka sem við sóttum. Þar líkt og hér geta orðið miklar mannabreytingar í sveitarstjórnnum frá einu kjörtímabili til annars og því brýnt að setja nýja sveitarstjórnarfulltrúa inn í frekar flókin málefni LVK. Lund og Co er því sá aðili sem heldur utan um sérþekkingu á málefnum LVK og miðlar henni áfram frá einum tíma til annars. LVK heldur sig algjörlega fyrir utan flokkapólitík í Noregi.

LVK tók þá afstöðu að starfa alveg óháð Sambandi sveitarfélaga í Noregi. Þar líkt og hér eru hagsmunir einstaka sveitarfélaga ólíkir þegar kemur að því að deila út arðinum af orkuframleiðslunni í Noregi. Flest orkufyrirtækin eru í eigu ríkisins og stóru sveitarfélaganna. Gangurinn var oft sá að það voru ríkið og stóru sveitarfélögin sem byggðu upp orkuverin í dreifbýlinu til að sjá þéttbýlinu fyrir orku. Arðurinn af vatnsaflinu lengi vel birtist því fyrst og fremst í lágu raforkuverði í þéttbýlinu. Þó var snemma ákveðin sátt um það að dreifbýlið skyldi njóta góðs af auðlindum sínum. Þannig voru sett lög á árinu 1917 þar sem sveitarfélögin og fylkin áttu rétt á að fá allt að 10% af framleiðslu á kostnaðarverði.

LVK var stofnað árið 1979 og er því rúmlega 30 ára. Þátttökusveitarfélögin eru nú 173 talsins sem koma frá 16 af 19 fylkjum Noregs. Þau halda landsfundi annað hvert ár en landsstjórn er kosin á fjögurra ára fresti. Fylkin kjósa sér fulltrúa í landstjórnina en jafnframt er starfandi uppstillingarnefnd. Þau ár sem ekki eru haldnir landsfundir eru haldnir fylkisfundir eða svæðafundir. TH og EyI sóttu svæðisfund sem haldinn var Guðbrandsgarðs Hótelu í Ringebu þann 8. og 9. mars. Þar hittust aðildarsveitarfélög frá Östfold, Hedmark og Oppland.

Dagskrá svæðisfundarins var mjög þétt. Lögfræðingar frá Lund og Co fór yfir helstu hagsmunamál LVK og stöðu og þróun tekna sveitarfélaganna af orkuframleiðslu. Stærsti tekjustofn sveitarfélaganna er fasteignaskattur en sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau innheimta fasteignaskatt og þá hversu víðtækt hann nær. Skatturinn á að byggja á raunverulegu markaðsverðmæti virkjananna. Sett eru neðri og efri mörk um hvernig skattstofnin skal fundin (0,98 Nkr/kWh – 2,35 Nkr/kWh) og eru þau mörk langt undir raunverði í dag. Engu að síður eru sveitarfélögin að fá um 45 milljarða í fasteignaskatt af virkjunum í Noregi.

Konsesjonskraft eða forkaupsréttarorka gefur sveitarfélögunum einnig heilmiklar tekjur. Í flestum tilfellum eiga þau forkaupsrétt á sem nemur 10% af framleiddri orku á kostnaðarverði. Með hækkandi orkuverði í Noregi hefur munurinn á framleiðsluverði og söliverði farið vaxandi og hefur það fært sveitarfélögunum auknar tekjur.

Auðlindaskattur er einnig greiddur af hverri framleiddri kWh. Nemur hann um 0.29 Íkr/kWh og fær viðkomandi sveitarfélag um 25 auro í sinn hlut en fylkið um 4. Þetta er fast gjald og reiknast sem hluti af rekstrarkostnaði. Þetta gjald líkt og önnur föst viðmið hafa farið rýrnandi vegna verðbólgu þó hún sé verulega minni í Noregi en Íslandi. Eins hefur hlutfallið rýrnað með hærri raforkuverði.

Ef horft er til sveitarfélaganna í Östfold, Hedmark og Oppland þá voru þau með hátt í 10 milljarða króna í tekjur vegna orkuframleiðslu árið 2009. Gerði það um 3.75% af heildartekjum þeirra. Einstaka sveitarfélög hafa mun meir tekjur en meðaltalið segir til og hæst rúmlega fjórðung tekna sinna.

Heildartekjur sveitarfélaga í Noregi af orkuframleiðslu eru um 6 milljarðar Nkr eða um 132 milljarðar Íkr.

Við leggjum til að fengin verði kynning frá Lund og Co inn á aðalfund SO í haust þar sem farið verði yfir nokkur helstu atriðin í starfsemi LVK og tengsl landanna styrkt. Norðmenn búa yfir langri reynslu af uppbyggingu á samstarfi milli sveitarfélaga og fylkja og hafa m.a. sótt fyrirmyndir sínar til Austurríkis. Sveitarfélögin og fylkin hafa staðið vel að hagsmunagæslu sinni í gegnum árin með öflugum upplýsingarflæði og markvissu utanumhaldi. Því væri fengur í því að koma á auknu samstarfi.

TH og Eyl